

Árþing Tennissambands Íslands 2012 haldið þriðjudaginn 23. apríl 2013 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardalnum á 3.hæð

### **1. Þingsetning kl. 18:30.**

Helgi bauð fulltrúa velkomna

### **2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.**

Sigríður Jónsdóttir kosin fundarstjóri

Bragi kosinn fundarritari

### **3. Kosnar fastar nefndir:**

a) 3 menn í kjörbréfanefnd.

Rakel, Jónas og Hjörtur.

Samþykkt að hafa eina málsstofu og því var ekki kosið sérstaklega í neðangreindar nefndir.

b) 3 menn í fjárhagsnefnd.

c) 3 menn í laga- og leikreglanefnd.

d) 3 menn í allsherjarnefnd.

e) 3 menn í kjörnefnd.

Allsherjarnefnd í staðinn. Jón Axel, Óskar, Sigurður Arnljótsson

Þingið var boðað var með lögboðnum fyrirvara.

### **4. Skýrsla stjórnar og fundargerð síðasta ársþings.**

Helgi flutti skýrslu stjórnar sem er að finna í ársskýrslunni

### **5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga til samþykktar.**

Þrándur gerði grein fyrir reikningum.

Í samræmi við ábendingar á síðasta ársþingi, þá voru „dauðar“ færslur fjarlægðar og á reikningur nú að gefa betri mynd af stöðu sambandsins.

Afgangur af rekstri 2012 er 745.506 kr.

### **6. Ávarp fulltrúa ÍSÍ (fundarstjóra).**

Stjórn ÍSÍ hélt fund með fulltrúum stjórnmalaflokka. Almennur stuðningur stjórnmalaflokkanna við starfið. ÍSÍ spurði fulltrúana um afstöðu til þess að fleiri fengju hlutdeild í tekjunum. Flokkarnir sammála um að aðrir fengju ekki aðkomu að þessum tekjum.

Mikilvægt að íþróttasamtök hafi öfluga fjölmiðlafulltrúa sem fjölmiðlar hafi greiðan aðgang að.

Ferðastyrkir innanlands í boði. Afrekssjóður o.fl.

Athuga verkefnasjóð ÍSÍ ef fólk er með góðar hugmyndir.

Miklu skemmtilegra að horfa á tennis í sjónvarpi heldur en fótbolta! Tennis er frábær sjónvarpsíþrótt!!!

Komin aukarás á RÚV, um að gera að nýta hana sem best. Þakkar stjórninni samstarf við ÍSÍ.

### **7. Kjörbréf samþykkt**

ÍBR

Óskar Knudsen

Rakel Pétursdóttir

Berglind Bragadóttir

Bragi L. Hauksson

Þrándur Arnþórsson

Raj Bonifacius

UMSK

Jón Axel Jónsson  
Júlfana Jónsdóttir  
Jónas Páll Björnsson  
Gunnar Finnbjörnsson  
Helgi Þór Jónasson  
Lene Grönholm  
Sigurður Arnljótsson  
Ásta Kristjánsdóttir  
Magnús Gunnarsson  
Birkir Gunnarsson  
Luigi Bartolozzi

ÍBH

Hjörtur Þór Grétarsson

#### **8. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.**

Engar umræður og skýrsla stjórnar og reikningar samþykkt mótatkvæðalaust.

#### **9. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.**

Helgi fór yfir fjárhagsáætlun, sjá skýrslu.

Framlög ríkis óbreytt. Lottótekjur svipaðar. Þróunarstyrkir frá ITF. Styrkir úr afrekssjóði til karlalandsliðsins.

Fyrirheit um mótframlög frá sveitarfélögum, Mosfellsbæ og Kópavogi. Ferðastyrkir vegna U-12 og U-14.

Kostnaðarþáttöku keppenda stillt í hóf.

Umræður um fjárhagsáætlun:

Raj, nefndarálit.

Ábending. Styrkja mótaráð TSÍ með því að fá styrktaraðila. Hljómar ekki nógu vel að vera með 1. Stórmót TSÍ, 2. Stórmót TSÍ, ..... 50-100 þús.kr. í plús

Útbreiðslu- og fræðslunefnd, 300 þús.kr. vantar grunnskólakynningar á fjárhagsáætlun. 100 krakkar komið á minitennismót upp úr því. Leggja til 300 þús.kr. í viðbót inn í grunnskólakynningar. Samþykkt að hækka í 450 þús.kr.

Keppnisumsjónarkerfi. 25 þús.kr. borgað fyrir kerfið á ári. Raj er sáttur við að taka þetta að sér fyrir 300 þús.kr. og stigalistinn í kaupbæti. Til athugunar.

Samþykkt samhljóða.

#### **7. Lagðar fram tillögur um laga- og leikreglnabreytingar ef fram koma.**

Engar.

Þinghlé, ca. 10 mínútur

#### **8. Umræður um tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar.**

Engin mál.

#### **9. Nefndarálit um tillögur lögð fram og atkvæðagreiðslur um þær.**

Engin mál.

#### **10. Önnur mál.**

Ásta og Lena: Tillaga um að TSÍ fjárfesti í búningum sem hægt er að nota í keppnum erlendis. Kaupa slatta til að eiga á lager eða selja foreldrum.

Láta börnin fá krefjandi verkefni erlendis til að halda þeim í íþróttinni. Sækja um styrk til Icelandair fyrir tennisfólk.

Ásta bendir á að reynt verði að sækja fjármuni til Actavis sem er styrktaraðili eins af risamótunum í tennis.

Vantar upplýsingar til fjölmiðla um mót o.fl.

Tímasetningar hafa lagast, en lagt til að lögð sé ábyrgð á keppendum.

Raj: Er komin niðurstaða í hver er stigameistari 2012?

Jónas: Það er mikil þörf á fleiri völlum, bæði til mótahalds og eins til að anna aukinni aðsókn að völlum.

Gunnar: Vantar miklu betri umgjörð um mót, áhorfendapallar. Allt of mikið af dollum og verðlaunapeningum.

Inneignir hjá Raj og Tennishöllinni í staðinn?

Helgi: Stigalistanum bætt við til þess að fá næmari mælingu á getu manna. Byrjunarörðugleikar varðandi listann, kveðið upp úr á fundi stjórnar TSÍ að Birkir er stigameistari 2012.

Raj og líka Jónas: Íslandsmót utanhúss. Öðlingar og börn í fyrri viku, meistaraflokkur í seinni viku?

#### **11. Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna reikninga og fulltrúa á íþróttaping.**

Helgi formaður, sjálfkjörinn

Gunnar og Ásta Kristjánsdóttir sjálfkjörin til tveggja ára.

Þrándur og Bragi sitja áfram, þar sem þeir voru kjörnir til tveggja ára í fyrra.

Jónas, Jón Axel og Raj og Júlíana sjálfkjörin í varastjórn.

Guðmundur og Indriði sjálfkjörnir skoðunarmenn reikninga.

#### **12. Þingfundargerðir lesnar og staðfestar.**

Ritara í samráði við stjórn falið að ganga frá þingfundargerð og dreifa til félaga.

#### **13. Þingslit.**

Helgi þakkaði þinggestum.

Sigríður þakkaði samstarfið á þinginu og sleit því um kl. 21:00.